

aðilja beri málskostnað sinn. Uppkvaðning dóms þessa dróst vegna veikindaforfalla eins dómenda.

Dóm þennan kvað upp Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnum Jónatan Sveinssyni skipstjóra og Þorsteini Einarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ásar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ríkharrs Kristjánssonar og Guðrúnar Ólafsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1968.

Nr. 137/1968. **Matarbúðin h/f og Elís Árnason**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna

og gagnsök

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögbannsgerð felld úr gildi. Iðnaður. Félagsdómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 2. ágúst 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí s. á., og krefjast þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og lögbannsgerð sú, er í málinu greinir, verði úr gildi felld og svo að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. ágúst 1968 og gerir þær dómkröfur:

Að aðaláfrýjanda Matarbúðinni h/f verði dæmt óheimilt að láta aðaláfrýjanda Elís Árnason starfa að kjötvinnslu í

verzlun félagsins, sem samkvæmt löggildingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna, svo sem hvers konar farsgerð, úrbeiningu á kjöti, pylsu- og kæfugerð og söltun og reykingu á kjöti.

Að aðaláfrýjanda Elísi Árnasyni verði dæmt óheimilt að vinna framangreint starf í verzlun aðaláfrýjanda, Matarbúðinn h/f.

Að staðfest verði lögbann, er lagt var við fyrrgreindri starfsemi hinn 6. marz 1968.

Að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í 2. gr. laga nr. 70/1954 um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að heimilt skuli stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki. Við meðferð slíks máls skal Félagsdómur samkvæmt 1. gr. laga nr. 70/1954 skipaður tveimur öðrum sérkunnáttudómurum en endranær. Grunnúrlausnarefni máls þess, sem gagnáfrýjandi nú rekur gegn aðaláfrýjendum og hér er til meðferðar, ber undir Félagsdóm samkvæmt téðri 2. gr. laga nr. 70/1954, skýrðri eftir eðlirörökum og samræmis. Að þessu athuguðu og þar sem gagnáfrýjandi hefur eigi gert gangskör að því að leggja grunnviðfangsefnið fyrir Félagsdóm, sbr. 117. gr. laga nr. 85/1936, ber að fella hinn áfrýjaða dóm og lögbannsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi, Félag íslenzkra kjötiðnaðarmanna, greiði aðaláfrýjendum, Matarbúðinni h/f og Elísi Árnasyni, óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. apríl 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. marz 1968, hefur Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna höfðað fyrir réttinum á hendur Matarbúðinni h/f hér í bæ og Elísi Árnasyni matreiðslumanni, Álfheimum 23, Reykjavík, með framlagningu skjala í dóm á bæjarþingi 11. marz 1968, þar sem umboðsmaður stefndu var mættur til að svara til saka.

DÓMKRÖFUR: Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að stefnda Matarbúðinni h/f verði dæmt óheimilt að láta stefnda Elís Árnason starfa að kjötvinnslu í verzlun félagsins, sem samkvæmt lög-gildingingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna, svo sem hvers konar farsgerð, útbeiningu á kjöti, pylsu- og káfugerð og söltun og reykingu á kjöti. Á hendur stefnda Elísi Árnasyni er gerð sú krafa, að honum verði óheimilað að vinna framangreind störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f. Krafizt er staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við starfsemi stefndu 6. marz 1968. Loks er þess krafizt, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að óskiptu eftir mati dómsins.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkrfur, að þeir verði sýkn-aðir af öllum kröfum stefnanda, að stefnanda verði gert að greiða stefnda Matarbúðinni h/f skaðabætur vegna lögbannsins, kr. 40.000.00, eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins. Loks er krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Bótakrafan miðast við tjón, sem stefndi Matarbúðin h/f telur sig hafa orðið fyrir af lögbanninu á tímabilinu frá 6. marz 1968 til 25. marz 1968 og sundurliðast svo:

Vegna missis sölu	kr. 30.000.00
Fyrir lánstraustsspjöll, óþægindi og tap á framtíðar- viðskiptum	— 10.000.00

Samtals kr. 40.000.00

MÁLAVEXTIR. Árið 1960 festi stefndi Elís kaup á Matarbúð-inni, Austurgötu 47 hér í bæ, ásamt öðrum manni. Var síðan stofnað hlutafélag um rekstur verzlunarinnar. Starfaði stefndi við verzlunina síðan og hefur séð um rekstur hennar að öllu leyti frá síðari hluta árs 1961. Stefndi lauk sveinsprófi í matreiðslu 12. júní 1954. Kveður hann prófraun sína m. a. hafa verið fólgná í kjötskurði, gerð kjötdeigs (fars) og léttisöltun kjöts. Að námi loknu kveðst hann hafa fengið tilsögn í reykingu hjá lærðum

kjötiðnaðarmanni. Frá því hann hóf störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f, kveðst stefndi hafa gert kjötdeig (fars), kæfu, saltað kjötvefju (rúllupylsu), saltað kjöt, reykt og hakkað og útbeinað allt kjöt, sem hann hefur þurft á að halda í verzluninni. Hann kveðst hafa selt kjötdeig í eina verzlun og gert öðru hverju fyrir aðra úr hráefni, sem sú verzlun hefur lagt til, allt þar til lögbann var lagt við starfsemi hans. Hann kveðst lítið hafa gert af því að laga áleggspylsu, aðeins hangipylsu og steikt álegg öðru hverju.

Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að í öndverðum marz s.l. hafi félagsmenn verið í verkfalli, mánudaginn 4. marz hafi verkfallsverðir félagsins komið í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f og hitt þar fyrir stefnda Elís, þar sem hann vann að gerð kjötdeigs. Skýrðu verkfallsverðirnir stefnda frá því, að honum væri óheimilt að vinna þetta verk. Stefndi kvaðst vera matreiðslumaður og hafa unnið að kjötdeigsgerð árum saman óátalið og mundi halda því áfram. Var nú stefndi Elís kærður til refsingar, en hélt þó uppteknum hætti. Var þá brugðið á það ráð að krefjast lögbanns. Miðvikudaginn 6. marz 1968 var lögbann lagt við kjötvinnslu stefndu, nánar tiltekið framleiðslu hráunninnar kjötvöru, svo sem gerð kjötdeigs, útbeiningu á kjöti, pylsugerð, kæfugerð, söltun og reykingu á kjöti. Var síðan mál þetta höfðað, eins og að framan greinir.

MÁLSÁSTÆÐUR. Meginröksemd stefnanda er, að sú starfsemi stefndu, sem dómkröfur lúta að, sé kjötiðnaðarstörf og öðrum óheimil en þeim, sem sveins- eða meistara réttindi hafa í kjötiðnaði, sem er löggilt iðngrein.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að kröfur stefnanda brjóti gegn rétti stefnda sem kjötkaupmanns samkvæmt verzlunarleyfi og að honum sé auk þess heimil sú starfsemi, sem krafizt er, að honum sé óheimiluð, þar sem hann sé lærður matreiðslumaður. Því er haldið fram, að ef kröfur stefnanda næðu fram að ganga, væri skertur réttur, sem nýtur lögverndar samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar. Enn er því haldið fram, að kröfur stefnanda fari gegn hagsmunum neytenda af því að eiga kost góðrar vöru og þjónustu, enda mundu þeir fáu kjötiðnaðarmenn, sem völ er á, engan veginn geta annað þeim störfum, sem kjötkaupmenn yrðu að leggja niður, ef viðurkennt væri, að kröfur stefnanda styddust við lög.

Stefnandi heldur því fram á móti, að ekki skipti máli, hvort stefndi Elís kunni til þeirra verka, sem krafizt er, að honum séu

óheimiluð, iðnréttindi hans veiti honum rétt til starfa í veitinga-
húsum og á skipum, en ekki í kjötvinnslustöðvum. Það er talið
þjóna hagsmunum neytenda bezt, að kjötiðnaður sé eflður, til að
neytendur eigi kost á betri vöru. Því er haldið fram, að þótt svo
kynni að fara, að niðurstaða dóms fæli í sér viðurkenningu á
því, að kjötkaupmenn hefðu ekki rétt til kjötiðnaðarstarfa, sem
þeir hafa haft með höndum hingað til, mætti bæta úr því með
undanþágum eftir þörfum samkvæmt 15. gr. laga nr. 18/1927 um
iðju og iðnað, hafi oft áður verið gripið til þess ráðs á bersku-
árum annarra iðngreina.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að lögbann hafi verið óþarft
til að fá dómsúrskurð lagðan á kröfur stefnanda, sem auk þess
sáu ólögmætar. Bótakrafan er studd þeim rökum, að sala hafi
mjög dregið saman, meðan lögbannið var virkt, stefndi hafi
þurft að kaupa frá öðrum vörur, sem hann vann sjálfur áður,
hann hafi glatað viðskiptavinum, orðið fyrir lánstraustsspjöllum
og öðru óhagræði.

ÁLIT RÉTTARINS. Samkvæmt 14. grein laga nr. 18 31. maí
1927 um iðju og iðnað má enginn reka iðnað (handiðn), nema
meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi. „Enginn má
stunda iðnað nema meistarar, sveinar og nemendur í iðninni“. Í
greininni er getið undantekninga frá ákvæðum þessum, sem ekki
varða efni þessa máls. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 93 frá
22. apríl 1960 er kjötiðnaður meðal löggiltra iðngreina. Svo er
og um matreiðslu. Í 15. tölulið 59. gr. reglugerðarinnar segir svo
um prófkröfur í kjötiðnaði:

„Próftaki skal:

- a. Skera helming af nauti til vinnslu;
- b. skera alikálfsskrokk í því augnamiði, að búa til kálfsvefju;
- c. hluta sundur hálfvín;
- d. hluta sundur lambsskrokk;
- e. vefja svínslæri;
- f. búa til bæjarabjúgu;
- g. búa til blóðmör eða lifrarpylsu;
- h. búa til kjötkæfu eða lifrargæfu;
- i. enn fremur skal nemandinn munnlega skýra reykingu, suðu,
söltun og annað, sem iðninni tilheyrir“.

Í 20. tölulið sömu greinar segir svo m. a. um prófkröfur í
matreiðslu:

„Próftaki skal:

- a. Taka bein úr kjöti eða fiski (er kjötið og fiskurinn tölusett

og próftakinn dregur eina tölu, og tekur bein úr því, er talan vísar til) ...“.

Í B-lið 18. greinar reglugerðar nr. 86 frá 31. júlí 1959 um Matsveina- og veitingaþjónaskólann segir svo m. a.:

„1. Nemandi skal kunna að hluta sundur skrokka af lömbum, svínunum, kálfum og nautum, og vita í hvaða matarrétti hentugast er að nota hvern vöðva eða vöðvahluta af þessum kjöttegundum. Hann skal kunna allar algengar aðferðir við að steikja og sjóða kjöt og fisk, og geta matreitt algenga heita og kalda matarrétti.

2. ... 3. ... 4. Nemandi skal þekkja til hlítar þau hráefni, sem hann vinnur úr, og vita, við hvaða aðstæður er best að geyma fæðutegundir og hvernig þær verða best hagnýttar. Hann skal þekkja alla lögboðna stimpla á kjöti, svo og önnur gæðamerki á matvælum, sem lögboðin eru hér á landi“.

Í 2. gr. laga nr. 52 frá 27. júní 1925 um verzlunaratvinnu eru mjög frjálst ákvæði um skilyrði til að öðlast verzlunarleyfi. Ekki eru sett sérstök skilyrði til að öðlast leyfi til að reka verzlun með kjötvörur.

Í 3. málslíð 1. greinar laga um Matsveina- og veitingaþjónaskóla nr. 82 frá 5. júní 1947 segir svo: „Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum“.

Af framangreindum lagaákvæðum verður ljóst, að allnáinn skyldleiki er með kjötið og matreiðslu, enda leiðir það af eðli máls. Sambandi iðngreinanna er aðallega þannig háttað, að matreiðslumenn taka við kjötvörum úr hendi kjötiðnaðarmanna á mismunandi vinnslustigum og elda úr því matarrétti. Fræðsla matreiðslumanna miðar fyrst og fremst að því, að þeir starfi að iðn sinni í eldhúsum veitingahúsa og skipa, og er það skoðun réttarins, að þar sé eðlilegt, að þeir vinni ýmis þau störf, sem ella yrðu talin til kjötiðnaðar, það er taki við kjöti lítt eða ekki unnu, útbeini það og meðhöndli á ýmsa vegu til undirbúnings eldunar.

Ekki er þess getið í lögunum um Matsveina- og veitingaþjónaskólann eða í öðrum settum réttarreglum, að fræðsla matreiðslumanna miði að því, að þeir geti starfað við matargerð í verzlunum. Það hefur þó tíðkast í nokkrum mæli á síðari árum, að tilbúnir réttir séu seldir í verzlunum. Í eldhúsi slíkrar verzlunar verður að telja eðlilegt, að matsveinar vinni sams konar störf og í eldhúsum veitingahúsa og skipa. Á hinn bóginn er það ugglaut

og ágreiningslaust í málinu, að matsveinar hafa ekki rétt til að vinna að kjötiðni í kjötvinnslustöðvum, en slíkar stöðvar eru réttur vettvangur kjötiðnaðarmanna. Tækjabúnaður matsveins í eldhúsi og kjötiðnaðarmanns í kjötvinnslustöð er allfrábrugðinn, og er hentugt að hafa þann mismun til viðmiðunar, þegar skorið er úr um mörk iðngreinanna. Fallast verður á það með stefnanda sem meginreglu, að hlutverk matreiðslumanna sé að meðhöndla hráefni til eldunar og framreiðslu, en að kjötiðnaðarmenn taki við hráefni í heilum hlutum úr hendi slátrara og vinni það í áframhaldandi keðju í hendur neytenda í sölubúðum og matsveina í eldhúsum.

Eins og fram er komið, eiga hvorki kjötiðnaðarmenn né matsveinar öðrum fremur rétt til að fá leyfi til starfrækslu kjötverzlana. Löggjöfin um verzlunaratvinnu einkennist þannig af hinu mesta frjálslyndi, en iðnlöggjöfin miðar að því að veita lærdum handiðnaðarmönnum sérréttindi til starfa á tilteknum sviðum.

Með hliðsjón af þessum ólíku sjónarmiðum verður það meginverkefni réttarins í þessu máli að greina milli þeirra starfa, sem eðlilegt er, að unnin séu af ófaglærðu fólki í kjötverzlunum, og þeirra starfa, sem eðlilegt er, að unnin séu af kjötiðnaðarmönnum í kjötvinnslustöðvum. Enn fremur ber að hafa í huga, að stefndi Elís kann að njóta rýmri réttar en ófaglærðir kjötkaupmenn og verzlunarmenn, að því er varðar matreiðslu. Hafa ber í huga eftirfarandi megin sjónarmið: Æskilegt er, að neytendur eigi kost á sem beztri vöru. Mikilvægt er, að löggjör matvælaíðnaðar séu með þeim hætti, að hann geti náð sem mestum þroska, enda er matvælaframleiðsla meginþáttur atvinnu landsmanna. Þannig er áriðandi, að svo sé búið að kjötiðni, að hún verði eftirsóknarverð atvinnugrein, en einnig er mikilvægt, að þekking matreiðslumanna nýtist þar, sem hún kemur að gagni.

Að því er varðar gerð kjötdeigs (fars), verður að vísu að játa því, að lærdómur matreiðslumanna nær til hennar, en kjötdeigsgerð er undirstaða pylsugerðar, sem er kjarni kjötiðnarinnar, og verður því að telja, að öðrum en kjötiðnaðarmönnum sé óheimilt að gera kjötdeig utan eldhúsa. Þannig er stefndu óheimil kjötdeigsgerð bæði til sölu í eigin verzlun og öðrum, og það án tillits til þess, hver leggur til hráefnið. Pylsugerð er stefndu og að sjálfsögðu óheimil. Reyking á kjötvörum er tvímælalaust á sérsviði kjötiðnaðarmanna, og er stefndu með öllu óheimilt að starfrækja reikhús eða reykofn, án þess að kjötiðnaðarmaður komi

þar nærri. Telja verður, að útbeining og hökkun á kjöti sé nauðsynlegur þáttur í rekstri kjötbúðar, og verður því að telja, að stefnda sé sú starfsemi heimil sem kjötkaupmanni. Af því leiðir, að telja verður stefndu heimilt að gera slagvefju (rúllupylsu) úr kjöti, sem þannig hefur verið útbeinað. Telja verður, að stefnda sé heimilt að gera kæfu í eldhúsi, þar sem meginþáttur kæfugerðar er suða. Loks er það skoðun rétttarins, að söltun kjöts sé eðlilegur þáttur í starfsemi kjötverzlunar.

Að því er varðar þá starfsemi stefndu, sem þeim er talin óheimil hér að framan, þykir verða að fallast á kröfu stefnanda um staðfestingu lögbanns.

Eftir upplýsingum, sem rétturinn hefur aflað sér um sölu í matvöruverzlunum í marzmánuði, hefur sala almennt dregið saman vegna verkfalls og minnkandi kaupgetu. Verður því ekki talið sannað, að stefndi Matarbúðin h/f hafi orðið fyrir eins miklu tjóni af völdum lögbanns og haldið er fram. Þykja bætur vegna lögbanns, að því er varðar þá starfsemi, sem stefndu er talin heimil, þá hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00 fyrir miska og fjártjón.

Rétt þykir, að stefndu greiði að óskiptu stefnanda málskostnað, kr. 15.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorvaldur Guðmundsson veitingamaður og Edward Frederiksen, eftirlitsmaður gisti- og veitingastaða.

Dómsorð:

Stefnda Matarbúðinni h/f er óheimilt að láta stefnda Elís Árnason starfa að kjötdeigsgæði og pylsugæði í verzlun sinni svo og að reykingu á kjötvörum. Stefnda Elís Árnasyni er óheimilt að vinna þessi störf í verzlun stefnda Matarbúðarinnar h/f. Stefndu er og óheimil öll önnur starfsemi, sem samkvæmt löggildingu kjötiðnaðar sem iðngreinar á undir starf kjötiðnaðarmanna. Lögbann, sem fram fór 6. marz 1968, er staðfest, að því er varðar framangreinda starfsemi. Stefndu er heimil eftirfarandi starfsemi: útbeining á kjöti, slagvefjugæði og kæfugæði svo og hökkun og söltun á kjöti.

Stefnanda, Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna, ber að greiða stefnda Matarbúðinni h/f kr. 5.000.00 í bætur fyrir lögbann við þessari starfsemi.

Stefndu, Matarbúðin h/f og Elís Árnason, greiði stefnanda, Félagi íslenzkra kjötiðnaðarmanna, málskostnað, kr. 15.000.00.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 6. marz 1968.

Fyrir var tekið: Lögbannsmálið: Félag íslenzkra kjötiðnaðarmanna gegn Matarbúðinni h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda sækir þing Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, en fyrir gerðarþola mætir Elís Árnason matreiðslumaður, Álfheimum 23, Reykjavík, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri varnaraðilja.

Fógeti leggur fram nr. 1 lögbannsbeiðni. . .

Beiðnin er lesin í réttinum. Fógeti spyr gerðarþola um álit hans á kröfunni. Hann kveðst telja kröfuna óréttmæta. Segist hann hafa réttindi til þeirra kjötiðnaðarstarfa, sem hann stundar, þar sem hann sé lærður matreiðslumaður. Kveður hann próf sitt í þeirri grein hafa verið fólgið í því að gera kjötfars. Hann kveðst kaupa kjöt í heilum skrokkum, útbeina það og vinna úr því.

Nú mætir í réttinum Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður sem lögfræðilegur ráðunautur og málflutningsumboðsmaður gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er óskað nánari skýringar á því, hver starfsemi hans ætlazt sé til, að bönnuð verði.

Þá kemur í réttinn Thorvald Imsland, gjaldkeri gerðarbeiðanda. Kveður hann kröfu félags síns um stöðvun á kjötvinnslu ná til allrar framleiðslu á hráunninni kjötvöru, svo sem farsgerð, útbeiningu á kjöti, pylsugerð og kæfu, söltun og reykingu á kjöti.

Málflutningsumboðsmaður gerðarbeiðanda lýsir því yfir, að lögbannskröfunni sé jafnframt beint að fyrirsvarsmanni gerðarþola, Elís Árnasyni, persónulega.

Samkomulag er með aðiljum um, að gerðarbeiðandi setji 75.000.00 króna tryggingu fyrir tjóni, sem kunni að stafa af gerðinni. Af hálfu gerðarþola er réttur áskilinn til að krefjast viðbótartryggingar, ef staðfestingarmáli verði ekki lokið innan þriggja vikna.

Fógeti lýsir yfir lögbanni samkvæmt framanrituðu gegn tryggingu að fjárhæð kr. 75.000.00.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda leggur fram ávísun útgefna af Sparisjóði Alpýðu. Tryggingin er samþykkt. Fógeti skýrir fyrir gerðarþola þýðingu gerðarinnar.